




BYGGÐASTOFNUN

# Þjónustukönnun Suðurland



# Þjónustukönnun Suðurland



Byggðastofnun 2018

Titill: Þjónustukönnun Suðurland

Framkvæmd þjónustukönnunar: Gallup

Höfundur skýrslu: Sigríður Elín Þórðardóttir

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	6
Framkvæmdalýsing .....	6
Tölfræðileg úrvinnsla.....	7
Um notkun hugtaka.....	8
Helstu niðurstöður .....	9
Suðurland .....	10
Búsetusvæði .....	10
Þátttaka .....	10
Menntun.....	11
Vinnumarkaður.....	12
Atvinnugreinaskipting .....	13
Atvinnusókn.....	14
Námsmenn .....	16
Þjónustusókn á Suðurlandi.....	17
Sveitarfélagið Ölfus .....	22
Hveragerðisbær .....	28
Sveitarfélagið Árborg og Flóahreppur .....	40
Vestmannaeyjabær .....	46
Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur.....	52
Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur .....	58
Sveitarfélagið Hornafjörður.....	64

**Tölur og myndir**

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall þátttakenda af íbúafjölda eftir búsetusvæðum.....10

Tafla 2. Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir stöðu á vinnumarkaði.....12

Mynd 1. búsetusvæði á Suðurlandi.....10

Mynd 2. Hæsta menntun þátttakenda eftir kyni. ....11

Mynd 3. Hæsta menntun þátttakenda eftir búsetusvæðum.....11

Mynd 4. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni. ....12

Mynd 5. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir atvinnugreinum. ....13

Mynd 6. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir atvinnugreinum og kyni.....13

Mynd 7. Staðsetning vinnustaða svarenda sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn.....14

Mynd 8. Hlutfall svarenda sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn eftir búsetu þeirra. 15

Mynd 9. Hlutfall karla og kvenna sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn .....15

Mynd 10. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir ferðamáta til og frá vinnu.....16

Mynd 11. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir ferðamáta til og frá skóla. ....16

Mynd 12. Þjónustusókn svarenda á Suðurlandi. ....17

Mynd 13. Þjónustueinkunn svarenda á Suðurlandi..... 17

Mynd 14. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir kyni og aldurshópum..... 18

Mynd 15. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir fjölskyldugerð..... 18

Mynd 16. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir stöðu á vinnumarkaði. .... 18

Mynd 17. Heilbrigðisþjónustusókn svarenda og staðsetning þjónustuaðila..... 20

Mynd 18. Heilbrigðisþjónusta sem svarendur nefndu oftast og sóttu út fyrir sitt búsetusvæði. .... 21

Mynd 19. Þjónustusókn svarenda í Sveitarfélaginu Ölfusi. .... 22

Mynd 20. Þjónustueinkunn svarenda í Sveitarfélaginu Ölfusi..... 22

Mynd 21. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. 23

Mynd 22. Hlutfallsleg skipting svarenda sem sóttu síðast opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. .... 24

Mynd 23. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustuna eftir staðsetningu þjónustuaðila. .... 25

Mynd 24. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.26

Mynd 25. Hlutfallsleg skipting svarenda, sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu, eftir staðsetningu þjónustuaðila. .... 27

Mynd 26. Þjónustusókn svarenda í Hveragerðisbæ ..... 28

Mynd 27. Þjónustueinkunn svarenda í Hveragerðisbæ. .... 28

Mynd 28. Hlutfallsleg þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila..... 29

Mynd 29. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. .... 30

Mynd 30. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. .... 31

Mynd 31. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.32

Mynd 32. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. .... 33

Mynd 33. Þjónustusókn svarenda í uppsveitum Árnessýslu. .... 34

Mynd 34. Þjónustueinkunn svarenda í uppsveitum Árnessýslu..... 34

Mynd 35. Hlutfallsleg þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	35	Mynd 45. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.	44
Mynd 36. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	36	Mynd 46. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	45
Mynd 37. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	37	Mynd 47. Þjónustusókn svarenda í Vestmannaeyjabæ. ....	46
Mynd 38. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	38	Mynd 48. Þjónustueinkunn svarenda í Vestmannaeyjabæ.....	46
Mynd 39. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburð og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	39	Mynd 49. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	47
Mynd 40. Þjónustusókn svarenda í Sveitarfélaginu Árborg og Flóahreppi. ....	40	Mynd 50. Hlutfallsleg skipting svarenda, sem notuðu opinbera þjónustu, eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	48
Mynd 41. Þjónustueinkunn svarenda í Sveitarfélaginu Árborg og Flóahreppi. ....	40	Mynd 51. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	49
Mynd 42. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	41	Mynd 52. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.	50
Mynd 43. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	42	Mynd 53. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	51
Mynd 44. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	43	Mynd 54. Þjónustusókn svarenda í Rangárþingi eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppi. ....	52
		Mynd 55. Þjónustueinkunn svarenda í Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi. ....	52
		Mynd 56. Hlutfallsleg þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	53
		Mynd 57. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	54
		Mynd 58. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	55
		Mynd 59. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.	56
		Mynd 60. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	57
		Mynd 61. Þjónustusókn svarenda í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. ....	58
		Mynd 62. Þjónustueinkunn svarenda í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi.....	58
		Mynd 63. Hlutfallsleg þjónustusókn svarenda, sem notuðu algenga þjónustu, eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	59

Mynd 64. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	60
Mynd 65. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	61
Mynd 66. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	62
Mynd 67. Hlutfallsleg skipting svarenda, sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreying, eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	63
Mynd 68. Þjónustusókn svarenda í Sveitarfélaginu Hornafirði. ....	64
Mynd 69. Þjónustueinkunn svarenda í Sveitarfélaginu Hornafirði. ....	64
Mynd 70. Hlutfallsleg þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	65
Mynd 71. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	66
Mynd 72. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	67
Mynd 73. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	68

Mynd 74. Hlutfallsleg skipting svarenda, sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu, eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	69
Mynd 75. Orðaský: Þjónusta sem þátttakendur sóttu út fyrir sitt búsetusvæði.....	70
Mynd 76. Hlutfallsleg skipting svarenda sem voru með Costco aðildarkort og þeirra sem ekki voru með aðildarkort.....	70

## Inngangur

Samkvæmt Byggðaáætlun 2014-2017 á að meta aðgengi íbúa að þjónustu og setja fram tillögur til úrbóta. Ákveðið var að skoða fyrst þjónustusókn íbúa á Norðurlandi vestra og nota þá könnun sem fyrirmynd fyrir verklag við sambærilegar kannanir í öðrum landshlutum. Þjónustukönnun var framkvæmd á Norðurlandi vestra haustið 2015 og niðurstöður birtar og kynntar í apríl 2016.

## Framkvæmdalýsing

Undirbúningur að framkvæmd þjónustukannana á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum hófst haustið 2016 í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Könnunin fór fram í júní-október 2017 og sá Gallup um þá vinnu. Tekið var lagskipt slembiúrtak úr viðhorfahópi Gallup og þjóðskrár, skipt eftir póst- eða sveitarfélagsnúmerum. Þessi úrtaksaðferð er algeng þar sem þýðið er mjög lítið í

nokkrum laganna, búsetusvæði í þessu tilviki. Til að auka alhæfingargildi niðurstaðna fyrir það svæði er fleiri svörum safnað á fámönnum búsetusvæðum en myndu hafa safnast ef tekið er einfalt tilviljunarúrtak úr landshlutanum öllum.

Um var að ræða blandaða net- og símakönnun. Þátttakendur í viðhorfahópi fengu senda vefslóð í tölvupósti sem vísaði í könnunina. Samhliða hringdu spylar Gallup í þjóðskrárhlyta úrtaksins og buðu þátttakendum að svara könnuninni á netinu eða í síma. Þrjár áminningar voru sendar til þátttakenda í tölvupósti.

Í könnuninni var leitað svara við því hvert og hversu oft íbúar sækja margvíslega þjónustu. Lögð var áhersla á að kanna hvort þjónustusókn væri mismunandi eftir búsetusvæðum. Spurt var um tíðni notkunar á þjónustu sem notuð er oft (mánaðarlega) og þeirri sem notuð er sjaldnar (árlega). Einnig var lögð áhersla á að kanna hvort þjónustusókn væri mismunandi innan hvers landshluta. Hverjum landshluta var því skipt upp í búsetusvæði eða þjónustusóknarsvæði í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga. Hér er lítið svo á að þjónustusókn íbúa innan hvers búsetusvæðis sé í meginatriðum lík en að þjónustusókn geti verið ólík eftir búsetusvæðum innan hvers landshluta. Suðurnesjum var skipt upp í fimm búsetusvæði, Vesturlandi í fimm, Vestfjörðum í fjögur, Norðurlandi eystra í átta, Austurlandi í fimm og Suðurlandi í átta búsetusvæði, samtals 35 búsetusvæði.

	Úrtak úr þýði 18-80 ára	Svarhlutfall	Fjöldi þátttakenda í könnuninni 18-80 ára	Fjöldi íbúa 18-180 ára 2017	Fjöldi íbúa 18-80 ára 2018	Hlutfall af íbúafjölda 1. janúar 2017	Hlutfall af íbúafjölda 1. janúar 2018
Suðurnes	3500	34%	1169	17423	19011	6,7%	6,1%
Vesturland	2850	46%	1385	11455	11800	12,1%	11,7%
Vestfirðir	1650	48%	776	5032	5179	15,4%	15,0%
Norðurland eystra	5100	41%	2079	21579	22294	9,6%	9,3%
Austurland	2150	49%	1051	7489	7622	14,0%	13,8%
Suðurland	6100	39%	2399	20328	21382	11,8%	11,2%
<b>Samtals</b>	<b>21350</b>		<b>8859</b>	<b>83306</b>	<b>87288</b>	<b>10,6%</b>	<b>10,1%</b>

## Þjónustukönnun Suðurland

Úrtakið var 21.350 manns á aldrinum 18-80 ára með lögheimili í janúar 2017 á Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Alls tóku 8.859 íbúar þátt í könnuninni eða 10,6% íbúa af heildaríbúafjölda í landshlutunum þann 1. janúar 2017 eins og miðað er við í umfjölluninni hér, en hlutfallið er 10,1% af íbúafjölda 1. janúar 2018.

Svarhlutfall var mismunandi eftir landshlutum og búsetusvæðum en nánari greining er á fjölda þátttakenda eftir búsetusvæðum í umfjöllunum um hvern landshluta fyrir sig.


### Tölfræðileg úrvinnsla

Þar sem úrtakið í hverjum landshluta var ekki hlutfallslega rétt lagskipt eftir búsetusvæðum voru gögnin vigtuð í úrvinnslu til samræmis við íbúafjölda á búsetusvæðum sem voru til skoðunar. Auk þess tók vigtnun mið af kyn- og aldurskiptingu á hverju búsetusvæði fyrir sig. Þetta er gert til að heildarniðurstöður fyrir landshluta sé í

samræmi við íbúafjölda eftir búsetusvæðum í landshlutanum. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS (Statistical Package for Social Science) og sá Gallup um þá vinnu.

Umfjöllunin byggir fyrst og fremst á greiningu svara eftir búsetusvæðum og þjónustusókn. Bakgrunnur þátttakenda er greindur eftir kyni, menntun, stöðu á vinnumarkaði, atvinnugreinum og atvinnusókn fyrir hvern landshluta fyrir sig. Hér verður ekki fjallað um hvort þjónustusókn þátttakenda eftir bakgrunni sé mismunandi eða ekki, það er engu að síður afar áhugavert að skoða það nánar.

Niðurstöður eru settar fram í myndum eftir því sem við á sem sýna svarhlutföll einstakra spurninga eftir staðsetningu þjónustuaðila.



Radarmyndir eru m.a. notaðar til að varpa ljósi á þjónustusókn þátttakenda sem notuðu algenga þjónustu. Bláa línan sýnir hlutfall þátttakenda sem sóttu tiltekna þjónustu til þjónustuaðila í



Þorlákshöfn, appelsínugula línan er viðbót við bláu línuna, gráa línun er viðbót við appelsínugulu línuna. Radarmyndin hér að ofan sýnir m.a. að flestir eða um 70% þátttakenda fóru síðast í dagvöruverslun í Þorlákshöfn, rúmlega 10% fóru í dagvöruverslun annars staðar á Suðurlandi og tæp 20% fóru síðast í dagvöruverslun á höfuðborgarsvæðinu sem bilið á milli appelsínugulu línunnar og þeirrar gráu sýnir. Enginn fór í lágvöruverðsverslun í Þorlákshöfn en um 80% þátttakenda fóru í lágvöruverðsverslun á Suðurlandi og um 20% á höfuðborgarsvæðinu.

Brottfallið var yfirleitt á bilinu 5-15% í spurningunum, við úrvinnslu var litið svo á að þeir sem svöruðu ekki höfðu ekki nýtt þjónustuna.

### Um notkun hugtaka

**Dagvöruverslun:** Verslun sem selur dagvörur, þ.e. vöru sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks s.s. mat- og drykkjarvörur og hreinlætis- og snyrtivörur. Notað hér sem samheiti yfir aðrar dagvöruverslanir en Bónus, Krónuna og Nettó.

**Lágvöruverðsverslun:** Verslun sem selur dagvörur á lágu verði, þ.e. vöru sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks s.s. mat- og drykkjarvörur og hreinlætis- og snyrtivörur. Notað hér sem samheiti yfir Bónus, Krónuna og Nettó.

**Landfræðilegur markaður:** Stærð landfræðilegs markaðs veltur m.a. að því að hvaða marki þörf er talin á því að kaupandinn sé í nálægð við þjónustuaðilanna. Sérstaklega skiptir máli hver yrði tíma- og ferðakostnaður neytandans við að nálgast seljanda í meiri fjarlægð. Oft er miðað við að dagvöruverslanir geti að öðru jöfnuðu náð til sín viðskiptavinum sem ekki þurfi að leggja á sig lengri en 20 mínútna akstur í viðkomandi verslun, eða um það bil 20 km fjarlægð frá verslun. Þessi viðmið verður þó að skoða með teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni og á hverju búsetsvæði fyrir sig.

**Þjónustusókn:** Þjónustusókn endurspeglar aðeins þá þjónustubætti sem spurt var um í könnuninni. Í myndum um þjónustusókn íbúa eftir landshlutum og búsetusvæðum er eingöngu tekið tillit til hvert íbúar sóttu þjónustuna síðast, ekki er tekið tillit til hversu oft þeir sóttu þjónustuna. Suma þjónustu sækja íbúar oft en aðra sjaldan. Tekið var meðaltal allra þjónustubátta sem spurt var um sem gefur góða mynd af því hvert íbúar sóttu þá þjónustu sem þeir voru spurðir um.

**Höfuðborgarsvæðið:** Samheiti yfir Reykjavík, Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes og Mosfellsbæ.

## Helstu niðurstöður

Þjónustusókn þátttakenda í Sveitarfélaginu Ölfusi, Hveragerðisbæ og Mýrdals- og Skaftárhreppi var lík að því leyti að um 30-38% þjónustunnar sóttu þátttakendur til þjónustuaðila á sínu búsetusvæði, á bilinu 30-36% þjónustunnar var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu en þátttakendur í Mýrdals-og Skaftárhreppi sóttu hlutfallslega minni þjónustu til Selfoss en þátttakendur frá hinum tveimur búsetusvæðunum.

Þátttakendur í Vestmannaeyjabæ sóttu hlutfallslega minnsta þjónustu út fyrir sitt búsetusvæði samanborið við þátttakendur á öðrum búsetusvæðum á Suðurlandi.

Þjónustusókn þátttakenda sem búsettir voru í Sveitarfélaginu Árborg og Flóahreppi og í Vestmannaeyjabæ var lík að því leyti að innan við fimmtungur þjónustunnar var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu en bilinu 73-80% þjónustunnar var sótt til þjónustuaðila innan búsetusvæðanna.

Þátttakendur í uppsveitum Árnessýslu sóttu innan við fimmtung þjónustunnar til þjónustuaðila á sínu búsetusvæði og þeir sóttu hlutfallslega meiri þjónustu til Selfoss en þátttakendur frá öðrum búsetusvæðum.

Þátttakendur í Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi og Sveitarfélaginu Hornafirði sóttu á bilinu 57-66% þjónustunnar til þjónustuaðila á sínu búsetusvæði en þátttakendur í Rangárþingum og Ásahreppi sóttu um fimmtung þjónustunnar til Selfoss á meðan þátttakendur frá Hornafirði sóttu rétt rúm 1% þjónustunnar til þjónustuaðila á Selfossi og það sama átti við um þátttakendur í Vestmannaeyjabæ.

Þátttakendur búsettir í Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi voru líklegri til að gefa þjónustunni í sínu sveitarfélagi ágætiseinkunn en þátttakendur á öðrum búsetusvæðum á Suðurlandi.

# Suðurland

## Búsetusvæði

Þjónustusókn íbúa á Suðurlandi var greind eftir átta búsetusvæðum. Eitt af búsetusvæðunum samanstendur af fjórum sveitarfélögum, þau eru; Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Hér eftir er búsetusvæðið nefnt uppsveitir Árnassýslu (tafla 1 og mynd 1). Þann 1. janúar 2017 voru 20.328 íbúar á Suðurlandi á aldrinum 18-80 ára, þar af voru 9.760 konur og 10.568 karlar.



## Þátttaka

Alls tóku 2.399 manns á aldrinum 18-80 ára þátt í könnuninni, kynjahlutfallið var nokkuð jafnt eða 52% konur og 48% karlar. Hlutfall þátttakenda af íbúafjölda 18-80 ára var um 11,8%.

Á Suðurlandi var 6.100 manns boðið að taka þátt í könnuninni, svarhlutfall var rúmlega 39%.

TAFLA 1. FJÖLDI OG HLUTFALL ÞÁTTTAKENDA AF ÍBÚAFJÖLDA EFTIR BÚSETUSVÆÐUM.

Búsetusvæði	Fjöldi þátttakenda	
	18-80 ára	Hlutfall þátttakenda af íbúafjölda 18-80 ára
Sveitarfélagið Ölfus	264	17,5%
Hveragerðisbær	275	15,0%
Uppsveitir Árnassýslu	278	12,5%
Sveitarfélagið Árborg og Flóahreppur	438	6,8%
Vestmannaeyjabær	349	11,0%
Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur	340	12,8%
Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur	159	19,6%
Sveitarfélagið Hornafjörður	296	18,3%
<b>Heildarfjöldi þátttakenda</b>	<b>2399</b>	
<b>Heildarfjöldi íbúa 18-80 ára</b>	<b>20328</b>	<b>11,8%</b>



MYND 1. BÚSETUSVÆÐI Á SUÐURLANDI.


## Menntun

Niðurstöður um menntun þátttakenda byggja á svörum frá 1.009 konum og 1.089 körlum. Spurningin var: Hver er hæsta menntun sem þú hefur lokið?


Meirihluti karla eða 55% var með framhaldsskólapróf og 27% með háskólapróf. Flestar konur voru með háskólapróf eða 39% og 36% með framhaldsskólapróf. Hlutfallslega fleiri konur en karlar voru með grunnskólapróf sem hæstu menntun, 25% á móti 18% (mynd 2).

Á öllum búsetusvæðunum voru hlutfallslega flestir með framhaldsskólapróf sem hæstu menntun. Hlutfallslega fæstir voru með grunnskólapróf sem hæstu menntun í uppsveitum Árnessýslu og í Vestmannaeyjabæ (mynd 3).

Um 10% þátttakenda voru með meistara- og/eða doktorsgráðu.



MYND 2. HÆSTA MENNTUN ÞÁTTTAKENDA EFTIR KYNI.



MYND 3. HÆSTA MENNTUN ÞÁTTTAKENDA EFTIR BÚSETUSVÆÐUM.

## Vinumarkaður

Allir þátttakendur alls 2.399 manns voru spurðir um stöðu sína á vinnumarkaði. Svarhlutfall var 89%.


Hér er litið svo á virkir á vinnumarkaði eru þeir sem eru í fullu starfi og hlutastarfi sem launþegar, atvinnurekendur, einyrkjar og sjálfstætt starfandi og þeir sem eru í vinnu og námi. Af 2.131 þátttakanda voru 78% virkir á vinnumarkaði (tafla 2.)

Hlutfallslega fleiri karlar en konur voru í fullu starfi eða 55% á móti 42% en hlutfallslega fleiri konur voru í hlutastarfi en karlar, 15% kvenna á móti 3% karla (mynd 4).

Niðurstöður benda til þess að karlar séu líklegri en konur til að vera sjálfstæðir atvinnurekendur eða einyrkjar, það átti við um 20% karla og 9% kvenna.


TAFLA 2. FJÖLDI OG HLUTFALL ÞÁTTTAKENDA EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI.

Staða á vinnumarkaði	Fjöldi	Hlutfall
Í fullu starfi sem launþegi	1038	48,7%
Öryrki/ellilífeyrisþegi	389	18,3%
Atvinnurekandi/einyrki/sjálfstætt starfandi	319	15,0%
Í hlutastarfi sem launþegi	188	9%
Í vinnu og námi	110	5,1%
Í námi	33	1,5%
Í leyfi/i fæðingarorlofi	26	1,2%
Í atvinnuleit/á milli starfa	17	0,8%
Heimavinnandi	11	0,5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>2.131</b>	<b>100%</b>
<b>Tóku afstöðu</b>	<b>2.131</b>	<b>88,7%</b>
Tóku ekki afstöðu	268	11,3%
<b>Heildarfjöldi þátttakenda</b>	<b>2.399</b>	<b>100,0%</b>



MYND 4. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENA EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI OG KYNI.


## Atvinnugreinaskipting



MYND 5. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR ATVINNUGREINUM.

Þeir sem voru í vinnu voru spurðir í hvaða atvinnugrein aðalstarf þeirra er. Flestir störfuðu við fræðslustarfsemi eða rúm 13%, 12% störfuðu við landbúnað og 9% við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (mynd 5).

Í atvinnugreinum þar sem hlutfallslegur fjöldi þátttakenda er undir 5% eru gögnin ekki greind eftir kyni.



MYND 6. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR ATVINNUGREINUM OG KYNI.

Hlutfallslega störfuðu flestar konur eða 24% við fræðslustarfsemi, 18% við heilbrigðis- og félagsþjónustu og 8% við landbúnað og sama hlutfall starfaði við opinbera stjórnsýslu og almannatryggingar og veitinga- og gistirekstur. Hlutfallslega störfuðu flestir karlar eða 15% við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, 11% við landbúnað og 10% við verslun og viðgerðir ökutækja (mynd 5).

Niðurstöðurnar benda til þess að konur séu líklegri til að vinna hjá opinberum stofnunum, en að karlar séu líklegri til að vinna hjá einkafyrirtækjum.


## Atvinnusókn

Spurt var: Sækir þú vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn þar sem þú býrð?

Þeir sem voru virkir á vinnumarkaði fengu spurninguna eða 1.654 manns, svarhlutfall var 97%.

Alls svöruðu 40% þátttakenda spurningunni játandi.


Rúmlega 30% þeirra sóttu vinnu til Sveitarfélagsins Árborgar. Um 28% sóttu vinnu til höfuðborgarsvæðisins, rúm 8% til Rangárþings ytra (mynd 7).




MYND 7. STAÐSETNING VINNUSTAÐA SVARENDA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN.

Um 53% þátttakenda sem voru virkir á vinnumarkaði og búsettir í Hveragerðisbæ sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn. Það átti einnig við um 52% þátttakenda í Sveitarfélaginu Ölfusi og 51% þátttakenda í uppsveitum Árnessýslu (mynd 8).

Þátttakendur sem voru virkir á vinnumarkaði og búsettir í Vestmannaeyjabæ voru ólíklegastir til að sækja vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn.



MYND 8. HLUTFALL SVARENDA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN EFTIR BÚSETU ÞEIRRA.



MYND 9. HLUTFALL KARLA OG KVENNA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN.


Hlutfallslega fleiri karlar en konur sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn, 46% á móti 32% (mynd 9).



## Þjónustukönnun Suðurland

Allir sem voru virkir á vinnumarkaði voru spurðir hvernig þeir ferðast oftast til og frá vinnu. Alls fengu 1.654 þátttakendur spurninguna, 1.607 tóku afstöðu eða 97%.

Meirihluti ferðaðist oftast með einkabíl til og frá vinnu eða um 65%, rúm 18% fóru gangandi og 7% í bíl eða rútu á vegum vinnuveitanda (mynd 10).




**MYND 10. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENA EFTIR FERÐAMÁTA TIL OG FRÁ VINNU.**

## Námsmenn

Alls voru 142 þátttakendur í námi og af þeim sóttu 108 skóla annar staðar en í sinni heimabyggð.

Flestir voru í skóla á höfuðborgarsvæðinu eða rúm 57%, um 17% voru í skóla á Norðurlandi eystra og rúm 9% á Selfossi. Allir sem voru í námi voru spurðir hvernig þeir ferðast oftast til og frá skóla. Alls svöruðu 139 manns.

Meirihluti ferðaðist oftast með einkabíl eða um 73%, um 12% fóru með almenningsamgöngum og um 10% fóru gangandi (mynd 11).




**MYND 11. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENA EFTIR FERÐAMÁTA TIL OG FRÁ SKÓLA.**

## Þjónustusókn á Suðurlandi


Í heildina var rúmlega 36% þjónustunnar sótt til fyrirtækja og stofnana á Selfossi, um 22% var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu, um 13% til þjónustuaðila í Vestmannaeyjum og um 5% til þjónustuaðila á Höfn í Hornafirði (mynd 12).

## Þjónustueinkunn

Um 44% svarenda á Suðurlandi gáfu þjónustunni ágætiseinkunn (mynd 13).




MYND 12. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Á SUÐURLANDI.



MYND 13. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Á SUÐURLANDI.


## Þjónustukönnun Suðurland




**MYND 14. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR KYNI OG ALDURSHÓPUM.**

Ekki kom fram kynjamunur á því hvaða þjónustueinkunn karlar og konu gáfu en þátttakendur í elsta aldurshópnum var líklegri til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn en þátttakendur í öðrum aldurshópum (mynd 14).

Þátttakendur með þrjú eða fleiri börn á heimilinu voru ólíklegri til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn en þátttakendur sem tilheyrðu öðrum fjölskyldugerðum (mynd 15).



**MYND 15. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR FJÖLSKYLDUGERÐ.**



**MYND 16. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI.**

Öryrkjar og ellilífeyrisþegar voru líklegri til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn en launþegar og sjálfstætt starfandi, einrykjar og atvinnurekendur (mynd 16).

Nánar er fjallað um þjónustueinkunn þátttakenda eftir búsetusvæðum í umfjöllun um hvert svæði fyrir sig.

## Heilbrigðisþjónusta

Niðurstöður byggja á svörum frá um 93% þátttakenda.

### Hlutfall notenda og kynjahlutfall notenda:

- 75% notuðu þjónustu heilsugæslunnar og/eða fóru til heimilislæknis – karlar voru 48% notenda og konur 52%
- 43% fóru til sérfræðilæknis – karlar voru 45% notenda og konur 55%
- 58% fóru til tannlæknis – karlar voru 48% notenda og konur 52%
- 20% fóru til sjúkraþjálfara – karlar voru 43% notenda og konur 57%
- 11% fóru til sérfræðiráðgjafa (s.s. sálfræðinga, félagsráðgjafa) karlar voru 38% notenda og konur 62%.

## Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað eftirfarandi heilbrigðisþjónustu?

Þeir sem höfðu nýtt þjónustu heilsugæslu/heimilislæknis fóru að meðaltali í 4 skipti.

Þátttakendur sem nýttu þjónustu sérfræðilækna á höfuðborgarsvæðinu fóru að meðaltali í eitt skipti, en þeir sem nýttu þjónustna á Selfossi fóru að meðaltali í 1,8 skipti.

Flestir sem nýttu þjónustu tannlækna höfðu farið tvisvar sinnum á síðastliðnum 12 mánuðum.


Þátttakendur sem nýttu þjónustu sérfræðiráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu fóru að meðaltali í 5,5 skipti á 12 mánaða tímabili en þeir sem nýttu þjónustu á Selfossi fóru í 4,5 skipti.

Um 20% svarenda á Suðurlandi höfðu farið til sjúkraþjálfara, að meðaltali fóru þátttakendur í 16 skipti en oftast var þjónustan sótt til þjónustuaðila á Hellu og í Vestamannaeyjum.

## Þjónustukönnun Suðurland

Afgerandi meirihluti þátttakenda nýtti þjónustu heilsugæslunnar og/eða fór til heimilislæknis á sínu búsetusvæði. Sama átti við um þjónustusókn til tannlækna, flestir notuðu þjónustuna á sínu búsetusvæði, en 22% þátttakenda sóttu þjónustu tannlækna til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu Afgerandi meirihluti fór til sérfræðilækna á höfuðborgarsvæðinu eða 73%. Um 25% þátttakenda nýttu þjónustu sérfræðilækna á Suðurlandi (mynd 17).

Um 16% þátttakenda fóru til sérfræðilækna á Selfossi, 5% í Vestmannaeyjum og 2% á Höfn. Um 44% sóttu þjónustu sérfræðiráðgjafa til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu en 52% fóru til þjónustuaðila á Suðurlandi, flestir notuðu þjónustuna á Selfossi



MYND 17. HEILBRIGÐISÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA OG STAÐSETNING ÞJÓNUSTUAÐILA.




## Sveitarfélagið Ölfus


Þann 1. janúar 2017 voru 1.509 íbúar á aldrinum 18-80 ára í sveitarfélaginu, þar af voru 696 konur og 813 karlar. Alls tóku 264 manns á búsetusvæðinu þátt í könnuninni eða 17,5% íbúa á aldrinum 18-80 ára.

**Þjónustusókn** Þátttakendur í sveitarfélaginu sóttu um 30% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana í Þorlákshöfn, 36% var sótt til höfuðborgarsvæðisins og rúm 23% til þjónustuaðila á Selfossi (mynd 19).

**Þjónustueinkunn** Um 55% svarenda í sveitarfélaginu gáfu þjónustunni ágætiseinkunn og 36% gáfu sæmilega einkunn (mynd 20).



MYND 19. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í SVEITARFÉLAGINU ÖLFUSÍ.



MYND 20. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í SVEITARFÉLAGINU ÖLFUSÍ.

## Algeng þjónusta

### Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:


- 90% fóru í lágvöruverðsverslun
- 69% fóru í dagvöruverslun
- 69% fóru í apótek
- 56% fóru í bakarí
- 51% fór í vínbúð
- 28% fóru á almenningsbókasafn
- 26% fóru í líkamsrækt
- 47% fóru í sund
- 63% fóru á skyndibitastað
- 89% tóku eldsneyti.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana í Þorlákshöfn fóru að meðaltali í:

- 8,1 skipti í dagvöruverslun
- 1,9 skipti í apótek
- 2,7 skipti í bakarí
- 2,1 skipti í vínbúð

- 1,8 skipti á almenningsbókasafn
- 10,7 skipti í líkamsrækt
- 6,3 skipti í sund
- 3,1 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 3,4 skipti.



MYND 21. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Enginn fór í lágvöruverðsverslun í Þorlákshöfn en afgerandi meirihluti sótti þjónustuna til lágvöruverðsverslana á Suðurlandi eða 85%. Um 70% þátttakenda fóru í dagvöruverslun, 55% í bakarí og um 25% á skyndibitastað og afgerandi meirihluti fór á bókasafn, í líkamsrækt og sund í Þorlákshöfn (mynd 21).



## Opinber þjónusta


### Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 18% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 69% fóru á pósthús
- 38% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustuna til stofnana í Þorlákshöfn nýttu að meðaltali:

- sí- og endurmenntunarstöð í 1,8 skipti
- pósthjónustu í 10,5 skipti.



**MYND 22. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM SÓTTU SÍÐAST OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.**

Flestir notuðu síðast pósthjónustu í Þorlákshöfn eða 74% og 12% þátttakenda sóttu þjónustuna til sí- og endurmenntunarstöðvar í sveitarfélaginu. Meirihluti sótti þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar til Selfoss (mynd 22).

## Fjármálaþjónusta


### Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna:

- 10% notuðu lögfræðiþjónustu
- 18% notuðu þjónustu hjá bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 17% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 48% þjónustu tryggingafélags
- 77% notuðu bankaþjónustu.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til fyrirtækja og stofnana í Þorlákshöfn nýttu að meðaltali:

- bókhalds- og endurskoðunarstofu í 4,3 skipti
- fasteignasölu í 2,8 skipti
- tryggingafélag í 2 skipti
- bankaþjónustu í 15,7 skipti.



MYND 23. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAPJÓNUSTUNA EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Um 62% þátttakenda sóttu síðast bankaþjónustu til þjónustuaðila í Þorlákshöfn, þá nýttu 37% þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu og 32% fasteignasölu í Þorlákshöfn. Um 75% sóttu lögfræðiþjónustu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 23).

## Sérvörverslun


### Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna:

- 60% fóru í gjafavörverslun/blómabúð
- 38% fóru í símaverslun
- 30% fóru í húsgagnaverslun
- 54% fóru í raftækjaverslun
- 73% fóru í byggingavörverslun
- 47% fóru í skóverslun
- 68% fóru í fataverslun
- 61% fóru í bókaverslun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna?

Þátttakendur sem versluðu í gjafavörverslun/blómabúð í Þorlákshöfn fóru að meðaltali í 3,7 skipti.



MYND 24. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTAÐILA.

Í meginatriðum sóttu þátttakendur síðast þjónustu sérvörverslana sem spurt var um til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. En flestir nýttu þjónustu byggingavörverslunar á Selfossi og 55% versluðu síðast í gjafavörverslun/blómabúð í Þorlákshöfn. Um 15% þátttakenda versluðu síðast fatnað erlendis og 20% skófátnað. Um 7% versluðu síðast í fataverslun, 5% í símaverslun og 3% í raftækjaverslun á netinu (mynd 24).

## Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu:

- 11% fóru á listsýningu
- 45% fóru á tónleika
- 30% fóru í leikhús
- 67% fóru á veitingahús
- 51% fóru í kvikmyndahús.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað þjónustuna? Þátttakendur sem fóru á menningarviðburði og/eða notuðu afþreyingu í Þorlákshöfn fóru að meðaltali í:

- 2,3 skipti á listsýningu
- 3,4 skipti á tónleika
- 5,5 skipti á veitingahús.



MYND 25. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA, SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AÞPREYINGU, EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTAÐILA.

Flestir sóttu menningarviðburði og/eða afþreyingu sem spurt var um til höfuðborgarsvæðisins. Um 27% þátttakenda fóru síðast á listsýningu, 25% á tónleika og 14% á veitingahús í Þorlákshöfn og 12% fóru á veitingahús erlendis (mynd 25).

## Hveragerðisbær


Þann 1. janúar 2017 voru 1.839 íbúar á aldrinum 18-80 ára í sveitarfélaginu, þar af voru 922 konur og 910 karlar. Alls tóku 275 manns á búsetusvæðinu þátt í könnuninni eða 15% íbúa á aldrinum 18-80 ára.

### Þjónustusókn


Þátttakendur búsettir í Hveragerðisbæ sóttu um 39% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana í Hveragerði, rúm 30% þjónustunnar var sótt til höfuðborgarsvæðisins og um 25% til þjónustuaðila á Selfossi (mynd 26).

### Þjónustueinkunn

Flestir gáfu þjónustunni ágætiseinkunn eða 58%, 36% gáfu sæmilega einkunn en fæstir gáfu lága einkunn eða 6% (mynd 27).



MYND 26. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í HVERAGERÐISBÆ.



MYND 27. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í HVERAGERÐISBÆ.

## Algeng þjónusta

### Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:


- 94% fóru í lágvöruverðsverslun
- 39% fóru í dagvöruverslun
- 72% fóru í apótek
- 72% fóru í bakarí
- 53% fóru í vínbúð
- 31% fóru á almenningsbókasafn
- 25% fóru í líkamsrækt
- 48% fóru í sund
- 55% fóru á skyndibitastað
- 89% tóku eldsneyti.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana í Hveragerði fóru að meðaltali í:

- 9,1 í lágvöruverðsverslun
- 4,2 skipti í dagvöruverslun
- 1,8 skipti í apótek

- 3,2 skipti í bakarí
- 2,2 skipti í vínbúð
- 2,5 skipti á almenningsbókasafn
- 2,7 skipti í líkamsrækt
- 6,3 skipti í sund
- 3,2 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 3,4 skipti.



MYND 28. HLUTFALLSLEG ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Þátttakendur búsettir í Hveragerðisbæ sóttu nær alfarið þjónustuna sem spurt var um til fyrirtækja og stofnana í Hveragerði. Þó eru tvær undantekningar þar sem eingöngu 20% nýttu þjónustu dagvöruverslunar og um 39% fóru á skyndibitastað í Hveragerði (mynd 28).

## Opinber þjónusta


### Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 16% notuðu sí- og endurmenntunarstöð
- 76% fóru á pósthús
- 44% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til stofnana í Hveragerði nýttu að meðaltali:

- sí- og endurmenntunarstöð í 2 skipti
- pósthjónustu í 8,6 skipti.



MYND 29. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir nýttu síðast pósthjónustu í Hveragerði eða 93% og 18% þjónustu sí- og endurmenntunarstöðvar í sveitarfélaginu. Meirihluti sótti þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar til Selfoss (mynd 29).

## Fjármálaþjónusta


### Hlutfall svarenda sem notuðu fjármálaþjónustuna:

- 8% notuðu lögfræðiþjónustu
- 20% notuðu þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 17% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 50% þjónustu tryggingafélags
- 85% notuðu bankaþjónustu.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til fyrirtækja og stofnana í Hveragerði nýttu að meðaltali:

- bókhalds- og endurskoðunarstofu í 4,2 skipti
- fasteignasölu í 1,7 skipti
- bankaþjónustu í 12,4 skipti.



MYND 30. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Um 63% þátttakenda sóttu síðast bankaþjónustu til þjónustuaðila í Hveragerði, þá nýttu 19% þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu og 58% fasteignasölu í Hveragerði. Um 83% sóttu síðast lögfræðiþjónustu og 55% þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 30).



## Sérvörverslun


### Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna:

- 69% fóru í gjafavörverslun/blómabúð
- 36% fóru í símaverslun
- 37% fóru í húsgagnaverslun
- 52% fóru í raftækjaverslun
- 79% fóru í byggingavörverslun
- 50% fóru í skóverslun
- 72% fóru í fataverslun
- 37% fóru í bókaverslun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til fyrirtækja í Hveragerði fóru að meðalatali í:

- 4,7 skipti í gjafavörverslun
- 2,4 skipti í skóverslun
- 3,9 skipti í fataverslun.



MYND 31. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Sérvörverslun var í meginatriðum sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu. En meirihluti verslaði síðast í gjafavörverslun/blómabúð í Hveragerði og flestir versluðu síðast í byggingavörverslun á Selfossi. Um fjórðungur verslaði síðast föt og skó erlendis og á netinu. Um 5% versluðu síðast bækur og 11% í símaverslun erlendis og/eða á netinu (mynd 31).

## Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu:

- 24% fóru á listsýningu
- 44% fóru á tónleika
- 45% fóru í leikhús
- 73% fóru á veitingahús
- 50% fóru í kvikmyndahús.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað eftirfarandi þjónustu? Að meðaltali fóru þátttakendur sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu í Hveragerði í:

- 3,3 skipti á listsýningu
- 2,2 skipti á tónleika
- 2,4 skipti í leikhús
- 8,1 skipti á veitingahús.




MYND 32. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AÞPREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUADILA.

Afgerandi flestir fóru síðast á listsýningu í Hveragerði eða 87%. Þá fóru 37% þátttakenda á veitingahús, 23% á tónleika og 18% í leikhús í Hveragerði. Flestir fóru á tónleika, í leikhús og kvikmyndahús á höfuðborgarsvæðinu (mynd 32).

# Uppsveitir Árnessýslu

Þann 1. janúar 2017 voru 2.214 íbúar á aldrinum 18-80 ára á búsetusvæðinu, þar af voru 1.047 konur og 1.167 karlar. Alls tóku 278 manns þátt í könnuninni eða 12,5% íbúa á aldrinum 18-80 ára.




## Þjónustusókn

